

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**12. maí 2015**

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um rekstrarhagræðingu og lækkun útsvars

Borgarstjórn samþykkir að hefja nú þegar vinnu við rekstrarhagræðingu A-hluta borgarinnar með það að markmiði að rekstur verði í jafnvægi þannig að skatttekjur dugi fyrir rekstrarútgjöldum. Jafnframt verði það markmið sett að veltufé frá rekstri fari í 11% af skatttekjum og verði ekki lægra en 9% af skatttekjum þegar á rekstrarárinu 2015. Í framhaldi af hagræðingaraðgerðum verði hafist handa við að lækka útsvar í áföngum. Fyrsti áfangi verði 0,25% lækkun útsvars.